



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 69/2011

Viðskiptahættir Rúv ohf.

I.

Erindið

Með erindi 365 miðla ehf. til Neytendastofu, dags. 9. febrúar 2011, er kvartað yfir háttsemi útvarpsstjóra RÚV ohf., Páls Magnússonar, í tilefni ummæla sem hann viðhafði í fjölmiðlum, 6. janúar 2011. Að mati kvartanda séu ummælin brot á lögum nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Í erindinu segir að 365 miðlar hafi þurft að líða síendurtekna ófrægðarherferð útvarpsstjóra RÚV um margra missera skeið, þar sem hann hafi borið fram ósannan róg um fyrirtækið til þess eins að koma á það högg. Hann hafi margsinnis gerst sekur um fullyrðingar um eignarhald, afskriftir skulda og aðra viðskiptahagsmuni sem eigi við engin rök að styðjast. RÚV hafi aldrei brugðist við réttmætri gagnrýni 365 miðla vegna þessa.

Forsagan sé sú að 365 miðlar hafi keypt sýningarrétt að HM í handbolta sem hafi verið tekinn til sýninga um miðjan janúar sl. Áskriftarsala hafi gengið vel enda hafi 365 miðlar lagt á það áherslu að gera alla umgjörð og kynningu á mótinu sem besta úr garði. Hinn 6. janúar sl. hafi útvarpsstjóri RÚV mætt, öllum að óvörum, í stærstu fjölmiðla landsins og tilkynnt að RÚV hefði gert 365 miðlum tilboð um að kaupa sýningarréttinn að mótinu og hafi m.a. borið fyrir sig að það væri hans skoðun að íslenska landsliðið í alþjóðlegri keppni ætti að vera í opinni dagskrá og að það væri vaxandi óánægja í þjóðfélaginu með að mótið myndi að mestu verða í læstri dagskrá. Slík háttsemi sé með ólíkindum og það sé mat 365 miðla að hún varði við lög nr. 57/2005.

Tilboð RÚV um að kaupa sýningarrétt að mótinu hafi verið sýndartilboð til þess eins að eyðileggja fyrir stemmningu fyrir mótinu og áskriftarsölu 365 miðla að Stöð 2 Sport. Tilboð RÚV hafi borist 365 miðlum á sama tíma og það barst fjölmiðlum og það sé augljóst að sé einlægur vilji til að ganga til samninga sé ekki fyrst farið með samningstilboð í fjölmiðla. Tilboð RÚV hafi valdið því að áskriftarsala hjá 365 miðlum hafi stöðvast nánast alveg þann tíma sem



hin mikla fjölmiðlaumfjöllun var um tilboðið þar sem umfjöllunin hafi skapað óvissu gagnvart viðskiptavinum og öllum almenningi á hvorri stöðinni mótið yrði sýnt. Einnig hafi verið talsvert um það að þeir sem þegar höfðu keypt áskrift hafi óskað eftir endurgreiðslu. Útvarpsstjóri RÚV hefði átt að gera sér grein fyrir því að slíkt háttarni væri í besta falli vítavert gáleysi gagnvart keppinauti og því megi leiða líkur að því að tilgangur þessa sýndarleiks hafi aldrei verið annar en að skemma fyrir eftirspurn á áskriftarsölu 365 miðla eða einfaldlega til að nota þetta tækifæri til að komast hjá einshvers konar gagnrýni á eigin vinnubrögð vegna mótsins. RÚV hafi vitað að samningar myndu aldrei nást með þeim skamma fyrirvara sem 365 miðlum hafi verið gefinn. Tilboð RÚV hafi komið fram í fjölmiðlum aðeins nokkrum dögum áður en mótið átti að hefjast og því hafi verið búið að ganga frá öllum kostunar- og auglýsingasamningum, búið var að selja fjölda áskrifta og útvarpsstjóra RÚV hafi verið fullkunnugt að það yrði ógjörningur að vinda ofan af því öllu á svo skömmum tíma.

Útvarpsstjóri RÚV hafi af þessu tilefni komið fram í fjölmiðlum og haft uppi dylgjur og ósanna róg um 365 miðla og Stöð 2 Sport. Þar megi nefna viðtal við hann í mbl.is 6. janúar sl. þar sem hann hélt fram að fólk verði að gera sér grein fyrir því að það séu innan við 10% þjóðarinnar sem nái Stöð 2 Sport og að það væri verið að læsa íslenska handboltaliðið inni í kútaskáp. Verði það að teljast með ólíkindum að útvarpsstjóri RÚV leyfi sér að halda fram slíkri fjarstæðu þar sem staðreyndin sé sú að það séu yfir 97% heimila sem nái Stöð 2 Sport. Þess megi geta að áhorf á mótinu hafi farið hæst í 66% í opinni dagskrá. Útvarpsstjóri RÚV sé því með augljósan brotavilja til að eyðileggja fyrir keppinauti þar sem hann hafi að sjálfsögðu gert sér grein fyrir að slíkir sleggjudómar á víðlesnum vefmiðli myndu hafa miklar afleiðingar á eftirspurn áskriftarsölu keppinautar.

365 miðlar telji að ofangreind háttsemi útvarpsstjóra RÚV sé brot á V. kafla laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Hún varði við 14. gr. laganna þar sem RÚV beiti villandi upplýsingum með viðskiptaaðferð sem sé sama marki brennd gagnvart keppinauti og ef um auglýsingu væri að ræða þar sem upplýsingarnar og viðskiptaaðferðin hafi verið til þess fallin að hafa áhrif á spurn eftir vöru og þjónustu þeirri sem hafi verið í boði hjá 365 miðlum.

Þá telji 365 miðlar að ummæli útvarpsstjóra RÚV gætu einnig verið brot á 15. gr. laganna þar sem að þótt ekki sé um eiginlega samanburðarauglýsingu að ræða sé það vissulega með beinum hætti verið að vísa til keppinautar og vöru og þjónustu sem keppinautur bjóði. 365 miðlar telji nánar tiltekið að þar hafi ummælin verið brot á a. og e. liðum 2. mgr. greinarinnar þar sem ummælin hafi verið mjög villandi og hafi kastað rýrð á vörumerki Stöðvar 2 Sport og vöru og þjónustu 365.



Að öllu ofangreindu sé það mat 365 miðla að háttsemi RÚV sé brot á reglum um bann við óréttmætum viðskiptaháttum og telji að það varði stjórnvaldssekt sbr. 22. gr. laga nr. 57/2005.

II. Málsmeðferð

1.

Erindi 365 miðla var sent RÚV til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 23. febrúar 2011. Tekið var fram í bréfinu að auk þeirra lagagreina laga nr. 57/2005 sem vísað væri til í erindinu, kæmi jafnframt 5. gr. sömu laga til álita í málinu.

Svar RÚV er dags. 21. mars 2011. Þar segir að af kærinni verði ekki almennilega ráðið hvort hún beinist að útvarpsstjóra og / eða RÚV. Þar sem í erindi Neytendastofu sé eingöngu óskað eftir athugasemdum RÚV þá sé erindið eingöngu sett fram í nafni útvarpsstjóra fyrir hönd RÚV.

Af kærinni verði ekki annað ráðið en að 365 miðlar geri í fyrsta lagi athugasemdir við að RÚV hafi gert 365 miðlum tilboð í sýningarrétt fyrir HM í handbolta og að útvarpsstjóri hafi lýst því yfir í fjölmiðlum að það væri hans skoðun að keppnin ætti að vera í opinni dagskrá og að það væri vaxandi óánægja í þjóðfélaginu um að mótið yrði í læstri dagskrá. Í annan stað að tilboð RÚV hafi haft neikvæð áhrif á áskriftarsölu hjá 365 miðlum. RÚV hafi jafnframt mátt vita að samningar myndu aldrei nást með þeim skamma fyrirvara sem 365 miðlum hafi verið gefinn í tilboðinu. Í þriðja lagi virðist á því byggt að útvarpsstjóri RÚV hafi haft uppi dylgjur og ósanna róg um 365 og Stöð 2 Sport meðal annars þar sem hann hafi haldið því fram að það séu innan við 10% þjóðarinnar sem nái Stöð 2 Sport og að það væri verið að læsa íslenska handboltalandsliðið inni í kútaskáp.

Af hálfu 365 miðla sé á því byggt að umþrætt háttsemi stríði gegn 14. gr. og a. og e. liðum 2. mgr. 15. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005.

Af hálfu RÚV sé framangreindu með öllu hafnað.

Í fyrsta lagi fái RÚV ekki með neinu móti ráðið að það eitt að RÚV skyldi gera tilboð í sýningarréttinn í HM handbolta, þ.á.m. að tilboðið, geti talist brjóta gegn tilvísuðum lagareglum. Fái önnur niðurstaða hvorki stoð í orðalagi ákvæðanna tilgangi þeirra né eðli málsins. Sé því jafnframt með öllu hafnað að um sýndartilboð hafi verið að ræða. Þvert á móti hafi tilboðið verið lagt fram í fullri alvöru og hefði 365 miðlar samþykkt tilboðið hefði verið kominn á bindandi samningur í skilningi laga.



Í annan stað geti skoðun útvarpsstjóra um að keppnin ætti að vera í opinni dagskrá og um vaxandi óánægju í þjóðfélaginu aldrei talist brjóta gegn tilvísuðum lagareglum, hvorki samkvæmt orðalagi þeirra, tilgangi né eðli málsins. Sé fyrirvarsmanni RÚV jafnframt að sjálfsögðu heimilt að lýsa þeirri skoðun sinni að dagskrárliður á borð við HM í handbolta, sem skipi sérstakan sess hjá þjóðinni, eigi að vera í opinni dagskrá ásamt því að lýsa stemmningu í þjóðfélaginu eins hún komi honum fyrir sjónir á viðkomandi tíma, sbr. einnig tjáningarfrelsisákvæði 73. gr. stjórnarskrárinnar. Ummælin hafi ekki verið sett fram sem auglýsing, þ.á.m. sem samanburðarauglýsing og geti fráleitt talist til viðskiptaaðferðar í skilningi laganna.

Í þriðja lagi geti það aldrei talist varða RÚV ábyrgð að lögum, hvað þá skv. umþrættum lögum, að tilboð RÚV hafi haft meint neikvæð áhrif á áskriftarsöfnun 365 miðla. Sé því hafnað að RÚV hafi mátt vita að 365 miðlar myndi ekki ganga að umræddu tilboði. Verði heldur ekki ráðið hvernig slík háttsemi ætti þá að varða við tilvísuð ákvæði laga nr. 57/2005.

Í fjórða lagi sé því hafnað að útvarpsstjóri hafi haft uppi dylgjur og ósannan róg um 365 miðla og Stöð 2 Sport meðal annars þar sem hann hafi haldið því fram að það séu innan við 10% þjóðarinnar sem nái Stöð 2 Sport og að það væri verið að læsa íslenska handboltaliðið inni í kútaskáp. Að því er fyrrnefnda atriðið varði þá segi í erindi 365 miðla að um fjarstæðu sé að ræða þar sem staðreyndin sé sú að það eru yfir 97% heimila sem ná Stöð 2 Sport. Með umþrættum ummælum og svo sem þau beri ljóslega með sér sé ekki verið að vísa til þess hversu margir geti mögulega nálgast dagskrárefni Stöðvar 2 Sport, þ.e. með því að kaupa sér áskrift eða hafa viðeigandi móttökubúnað til að ná opinni dagskrá, heldur hversu margir raunverulega hafi haft aðgang að dagskrárefni stöðvarinnar. Þess beri að geta að vikurnar áður en þessi ummæli féllu hafi markaðshlutdeild Stöðvar 2 Sport, þ.e.a.s. hlutdeild þeirra af sjónvarpsáhorfi á Íslandi skv. mælingum Capacent Gallup verið 1,5 – 2,6%. Séu þessi ummæli fráleitt til þess fallin að valda einhverjum misskilningi enda alkunna að allur þorri almennings geti nálgast dagskrárefni Stöðvar 2 Sport gegn greiðslu áskriftargjalds. Þvert á móti sé fjarstæða og beinlínis villandi að segja að 97% heimila nái Stöð 2 Sport eins og byggt sé á í kæru. Hvað síðarnefndu ummælin varði þ.e. að verið væri að læsa íslenska landsliðið inni í kútaskáp, þá vísi þessi myndlíking einfaldlega til þeirrar staðreyndar að almenningur hafi ekki átt þess kost að fylgjast með þorra leikja HM í handbolta nema því aðeins að kaupa sér áskrift að Stöð 2 Sport. Framangreind ummæli hafi ekki verið sett fram sem auglýsing þ.á.m. sem samanburðarauglýsing og geta engan veginn talist til viðskiptaaðferðar í skilningi laganna.

Í erindi Neytendastofu sé sérstaklega vísað til 5. gr. laga nr. 57/2005 ekki vísað til þess í erindi 365 miðla. RÚV fái ekki ráðið að umþrætt háttsemi geti talist andstæð umræddu ákvæði sbr. framangreinda umfjöllun að breyttu breytanda.



2.

Bréf RÚV var sent 365 miðlum til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 23. mars 2011. Bréfið var ítrekað með bréfi Neytendastofu, dags. 13. maí 2011. Svar 365 miðla er ódagsett, en barst Neytendastofu 25. maí 2011.

Í bréfinu segir að því hafi ekki verið haldið fram af hálfu 365 miðla að RÚV hafi ekki verið heimilt að gera 365 miðlum umrætt tilboð hins vegar sé einkennilegt að tilboðið hafi verið gert á þessum tímapunkti þar sem það sé einlægt mat 365 miðla að RÚV hafi vel vitað að samkomulag þess efnis hefði aldrei náðst á þeim stutta tíma sem hafi verið til stefnu. Þrátt fyrir það sé tilboðið sjálft ekki aðal kæruefni 365 miðla.

365 miðlar gagnrýni hins vegar vinnubrögð RÚV vegna tilboðsins þar sem það hafi varla borist 365 miðlum áður en útvarpsstjóri upplýsi opinberlega um tilboðið og viðhafi ummæli á borð við þau að það væri vaxandi óánægja í þjóðfélaginu með að mótið yrði sýnt í læstri dagskrá að mestu. 365 miðlar telji þau vinnubrögð brotleg við lög nr. 57/2005 þar sem með því hafi keppinautur stuðlað að því að skapa óvissu um hvar mótið yrði sýnt, að áskriftarsala stöðvist tímabundið og að ýtt hafi verið undir meinta óánægju. Það sé mat 365 miðla að slík háttsemi útvarpsstjóra sé brot á lögum nr. 57/2005 þar sem slík opinber, áberandi og meiðandi ummæli séu ígildi auglýsingar. Í bréfi RÚV komi fram, að ummæli útvarpsstjóra hafi ekki verið sett fram sem auglýsing, þ.á.m. samanburðarauglýsing og gætu því fráleitt talist til viðskiptaaðferðar í skilningi laganna. 365 miðlar séu þessu ósammála því mati RÚV og telji að þrátt fyrir að útvarpsstjóri hafi ekki viðhaft hegðun sína í þeim tilgangi að koma fram með meiðandi auglýsingu gagnvart 365 miðlum, þá sé hið opinbera tilboð RÚV og ummæli útvarpsstjóra í fjölmiðlum brot á lögnum. Hafi útvarpsstjóri ekki haft vilja til að hafa áhrif á eftirspurn keppinautar af hverju hafi hann komið opinberlega fram með tilboð á meiðandi hátt sem eðli máls samkvæmt ætti alla jafna að fara leynt á samningsaðila á svo viðkvæmum tímapunkti í mikilvægum samningaviðræðum? Það sé mat 365 miðla að útvarpsstjóri hafi fullvel vitað hvaða neikvæðu áhrif það myndi hafa ef hann kæmi opinberlega fram með tilboð sitt.

Þá hafni 365 miðlar því að með ummælum útvarpsstjóra þess efnis að það séu innan við 10% þjóðarinnar sem nái Stöð 2 Sport að hann hafi ekki verið að vísa til þess hversu margir hefðu raunverulega aðgang að dagskrárefni stöðvarinnar. 365 miðlar telji að útvarpsstjóri hafi gert sér fulla grein fyrir því hversu villandi ummæli hans hafi verið og fráleitt að nota orðalagið sem ná Stöð 2 Sport ef ekki hafi verið ætlunin að ýja að því að efnið væri ekki aðgengilegt allri þjóðinni. Útvarpsstjóri sé því með augljósan brotavilja til að eyðileggja fyrir keppinauti sínum þar sem hafi að sjálfsögðu gert sér grein fyrir að slíkir sleggjudómar á víðlesnum vefmiðli myndu hafa miklar afleiðingar á eftirspurn áskriftarsölu keppinautar. 365 miðlar telji því að ummælin séu ígildi auglýsingar þar sem að þótt ekki sé um eiginlega samanburðarauglýsingu að ræða sé þar vissulega með beinum hætti verið að vísa til keppinautar.



3.

Bréf 365 miðla til Neytendastofu var sent RÚV til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 27. maí 2011. Svar RÚV er dagsett 7. júní 2011. Þar segir að rétt sé að ítreka að skoðun útvarpsstjóra um að keppnin ætti að vera í opinni dagskrá og um vaxandi óánægju í þjóðfélaginu geti aldrei talist brjóta gegn þeim lagareglum sem 365 miðlar byggja á hvorki samkvæmt orðalagi þeirra, tilgangi né eðli málsins. Ummælin hafi ekki verið sett fram sem auglýsing, þ.á.m. sem samanburðarauglýsing og geti fráleitt talist til viðskiptaaðferðar RÚV gagnvar 365 miðlum. Ítrekað sé að fyrirsvarsmanni RÚV sé að sjálfsgöðu heimilt að lýsa þeirri skoðun sinni að dagskrárliður á borð við HM í handbolta sem skipi sérstakan sess hjá þjóðinni eigi að vera í opinni dagskrá ásamt því að lýsa stemmningu í þjóðfélaginu eins og hún komi honum fyrir sjónir á viðkomandi tíma, sbr. einnig tjáningarfrelsisákvæði 73. gr. stjórnarskrár.

Í erindi 365 miðla sé hafnað þeirri skýringu sem fram komi í fyrra erindi RÚV varðandi þau ummæli útvarpsstjóra að innan við 10% þjóðarinnar nái Stöð 2 Sport þ.e. að ekki væri verið að vísa til þess hversu margir raunverulega hefðu aðgang að dagskrárefni stöðvarinnar. Fyrri afstaða sé ítrekuð. Sú staðreynd að allur þorri almennings geti nálgast dagskrárefni Stöðvar 2 Sport gegn greiðslu áskriftargjalds sýni jafnframt, svo ekki sé um villst, til hvers hafi verið að vísa. Sé skýringum 365 miðla hafnað sem fyrirslætti. Framangreind ummæli hafi ekki verið sett fram sem auglýsing þ.á.m. samanburðarauglýsing og geti á engan vegin talist til viðskiptaaðferðar RÚV gagnvart 365 miðlum.

4.

Með bréfi Neytendastofu til málsaðila, dags. 7. júlí 2011 var tilkynnt að gagnaöflun í málinu væri lokið og fylgdi bréfinu listi yfir gögn málsins. Bréf RÚV fylgdi með til 365 miðla til upplýsinga.

III.

Niðurstaða

1.

Í máli þessu kvarta 365 miðlar yfir háttsemi útvarpsstjóra RÚV ohf., Páls Magnússonar, vegna ummæla hans í fjölmiðlum einkum í tilefni þess að 365 miðlar keyptu sýningarrétt HM í handbolta árið 2011. Hinn 6. janúar 2011, hafi útvarpsstjóri tilkynnt í stærstu fjölmiðlum landsins að RÚV hefði gert 365 miðlum tilboð um að kaupa sýningarréttinn að mótinu og hafi m.a. borið fyrir sig að það væri hans skoðun að íslenska landsliðið í alþjóðlegri keppni ætti að vera í opinni dagskrá og að það væri vaxandi óánægja í þjóðfélaginu með að mótið myndi að mestu verða í læstri dagskrá. Þá hafi hann fullyrt að innan við 10% þjóðarinnar næðu útsendingu Stöðvar 2 Sport og það væri verið að læsa íslenska handboltaliðið inni í kútaskáp. Að mati 365



miðla hafi tilboðið verið sýndartilboð enda ljóst að samningar gætu aldrei tekist með svo skömmum fyrirvara. Tilboðið hafi verið til þess fallið að skapa óvissu hjá neytendum og gert í þeim tilgangi draga úr sölu áskrifta hjá 365 miðlum. Þá séu ummælin óviðeigandi og röng þar sem yfir 97% heimila nái Stöð 2 Sport. Útvarpsstjóri RÚV sé augljóslega með vilja að eyðileggja fyrir keppinauti. Þar sem hann hafi að sjálfsgöðu gert sér grein fyrir að slíkir sleggjudómar á víðlesnum vefmiðli myndu hafa miklar afleiðingar á eftirspurn áskriftarsölu keppinautar. Að mati 365 miðla brýtur háttsemi útvarpsstjóra í bága við ákvæði V. kafla laga nr. 57/2005, einkum 14. gr. og a. og e. lið 2. mgr. 15. gr. Í bréfi Neytendastofu til RÚV kom fram það mat stofnunarinnar að til álita kæmi einnig 5. gr. sömu laga.

RÚV segir að tilboðið hafi verið lagt fram í fullri alvöru og geti ekki ráðið að tilboðið geti talist brjóta gegn tilvísuðum lagagreinum, finni þess ekki stað í orðalagi ákvæðanna, tilgangi þeirra né eðli málsins. Þá geti skoðun útvarpsstjóra um að keppnin ætti að vera í opinni dagskrá og um vaxandi óánægju í þjóðfélaginu aldrei talist brjóta gegn tilvísuðum lagareglum, hvorki samkvæmt orðalagi þeirra, tilgangi eða eðli málsins. Í þessu sambandi vísar RÚV jafnframt til 73. gr. stjórnarskrárinnar. Ummælin hafi ekki verið sett fram sem auglýsing og geti fráleitt talist til viðskiptaaðferðar í skilningi laganna.

2.

Í lögum nr. 57/2005 er fjallað um það hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki. Lögin fela fyrst og fremst í sér vernd fjárhagslegra hagsmuna neytenda en einnig vernd fyrirtækja gegn óréttmætum viðskiptaháttum keppinauta vegna auglýsinga eða annarra svipaðra viðskiptaaðferða.

Í 5. gr. er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

14. gr. laganna hljóðar svo:

„Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar gagnvart keppinautum, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.“

Lagagreinin felur í sér vernd á hagsmunum keppinauta vegna háttsemi fyrirtækja í atvinnurekstri.



Í a og e. liðum 2. mgr. 15. gr. segir:

Samanburðarauglýsingar skulu, að því er samanburð varðar, leyfðar að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

a. þær séu ekki villandi,...

e. ekki sé kastað rýrð á vörumerki, vöruheiti, önnur auðkenni, vöru, þjónustu, starfsemi eða aðstæður keppinautar, eða þeim sýnd lítilsvirðing...

Þá segir í 4. mgr. lagagreininnar að ákvæðið eigi einnig við um aðrar svipaðar viðskiptaaðferðir.

3.

Skal nú litið til þess hvort háttsemi útvarpsstjóra RÚV sem kvartað er yfir geti fallið undir hugtakið auglýsing, ígildi auglýsingar eða samanburðarauglýsingu.

Einstaklingar hafa stjórnarskrárvarinn rétt til tjáningarfrelsis og ber því að túlka allar undantekningar á þeim rétti þröngt. Skv. framangreindum lagagreinum snúa ákvæði laga nr. 57/2005 ekki að ummælum í fréttum eða háttsemi sem ekki er viðhöfð í atvinnustarfsemi. Verður tjáningarfrelsi því ekki skert með vísan til laganna.

Að mati Neytendastofu hefur í erindinu ekki verið sýnt fram á annað en að umrætt tilboð RÚV í sýningarrétt að heimsmeistarakeppni í handbolta hafi verið sett fram í alvöru. Þau ummæli Páls Magnússonar útvarpsstjóra RÚV í tengslum við tilboðið og vísað er til í erindinu áttu öll sér stað hinn 6. janúar 2011 og áttu sér stað sem frétt og blaðaviðtal við útvarpsstjórnann. Neytendastofa fær ekki annað séð og ekki hefur verið sýnt fram á annað en að ummælin séu hans persónulega skoðun og hans persónulega mat. Eru ummæli í máli þessu því ekki sett fram í atvinnuskyni eða birt sem auglýsing og heyrja því ekki undir ákvæði laga nr. 57/2005.



IV.

Ákvörðunarorð:

„Ekki er ástæða til aðgerða Neytendastofu í máli þessu.“

Neytendastofa, 18. nóvember 2011

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir